

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurvöllur
101 Reykjavík

Vogum, 14. nóv 2023

Efni: Minja-og sögufélag Vatnsleysustrandar sækir hér með um styrk til fjárlaganefndar Alþingis vegna endurbóta á Ásláksstaðahúsi, Vatnsleysuströnd. Sótt er um kr. **15.000.000**.

Ásláksstaðahús Vatnsleysuströnd er elsta uppistandandi hús sveitarfélagsins Voga. Húsið er byggt 1883-1884. Það er byggt úr timbri sem kom úr Jamestown strandinu svokallaða 1881. Húsið er friðað og hefur ótvírætt minjasögugildi. Minjavörður Reykjaness, hefur skoðað húsið og mælir eindregið með varðveislu þess. Húsið er í lélegu ástandi og þarfnast töluverða endurbóta.

Minja- og sögufélagið hyggst flytja húsið á minjasvæði þess að Kálfatjörn. Styrkja þarf húsið fyrir flutning, og byggja sökkul að Kálfatjörn. Þar sem það verður síðan gert upp í endanlegri mynd.

Frekari upplýsingar um verkefnið veitir formaður félagsins.

Fh. Minja-og sögufélags Vatnsleysustrandar
Helga Ragnarsdóttir, formaður
ragnarsdottirhelga@gmail.com